

Strauk marg- oft að heiman


Katrín Líney Jónsdóttir, skemmtiferðaskiptadrottning, þjónn og símsvari með meiru er Vestfirðingur vikunnar að þessu sinni.

— sjá bls. 16



Virðing og ást barnanna, umbun fyrir lífsverkið

Árila Jóhannesdóttir er fædd í torfbæ að Bessastöðum í Dýrafirði 20. nóvember 1923 og varð því níræð í gær. Árila giftist Kristjáni Guðmundssyni frá Brekku á Ingjaldssandi í Öfundarfirði, en þar bjuggu þau, allt þar til Kristján lést árið 1988. Hún hefur lifað tímana tvöna og hér segir hún frá uppvextinum, söngnum, tilhugalífínu, barnamissinum og fleiru.



sjá bls. 18, 19 og 20



Óháð fréttablað á Vestfjörðum BÆJARINS BESTA

Stofnað 14. nóvember 1984 · Fimmtudagur 21. nóvember 2013 · 46. tbl. · 30. árg. · Ókeypis eintak

Salóme Katrín kom, sá og sigraði

— sjá bls. 4



...fyrir BÍLINN

...fyrir BÁTINN

...fyrir HEIMILIÐ

...fyrir FAGMANNINN

...fyrir PIG !



VERSLUN

SINDRAGÖTU 12

Hankook
driving emotion



KORNADEKK

I*CEPT W606

Nýtt umhverfisvænt
kornadekk frá Hankook.

**Hankook fyrir allar
gerðir ökutækja!**

BÍLAVERIÐ ehf.
Sindragötu 14 • S: 456 3501

EINFÖLD REIKNIVÉL
Á EBOX.IS

eBOX
auðveldar smásendingar



Í STÓRUM SKIPUM RÚMAST LÍKA
SMÆRRI SENDINGAR



Eimskip | Korngröðum 2 | 104 Reykjavík | Sími 525 7000 | www.ebox.is

eBOX er ný, þægileg og einföld lausn til að flytja minni sendingar frá Evrópu til Íslands. Á ebox.is er reiknivél sem segir þér á augabragði hver flutningskostnaðurinn er. Traust og áreiðanlegt leiðakerfi Eimskips á Norður-Atlantshafi tryggir að sendingin þín kemur heim með fyrstu ferð. Auðvelt og fljótlegt.

EIMSKIP
eBOX



Skemmtiferðaskipið
Queen Elizabeth.

Aldrei fleiri skemmtiferðaskip

Fjörutíu og sex skemmtiferðaskip eru væntanleg til Ísafjarðar næsta sumar að sögn Katrínar Líneyjar Jónsdóttur, starfsmanns skemmtiskipadeildar Vesturferða á Ísafirði. „Það hafa aldrei komið svona mörg skip til Ísafjarðar yfir sumarið. Þetta verður

annasöm vertið og má í því sambandi nefna að eina vikuna, um mánaðarmótin júní-júlí, verða nánast þrjú þúsund farþegar á hverjum degi. 28. júní kemur eitt skip með 3000 farþega, daginn eftir koma þrjú skip með samtals ríflega 3000 farþega, 2. júní kem-

ur eitt skip með um 3000 farþega og 4. júní koma tvö skip með samtals um 3.500 farþega. Þetta verður rosaleg vika! Við erum á fullu að undirbúa næsta sumar, erum til dæmis tilbúin með dagskrána fyrir skipin þrjú sem koma 29. júní,“ segir Katrín.

Eitt skipanna mun einnig hafa viðkomu á Flateyri og er það í fyrsta skipti sem skemmtiferðaskip kemur þangað samkvæmt áætlun. Um er að ræða MV Fram sem kemur til Flateyrar 27. maí og til Ísafjarðar daginn eftir. Þá er áætlað er að sjö skip komi til

Ísafjarðar sem ekki hafa komið þangað fyrr, þar á meðal systurskipin Mein Schiff 1 og 2, sem geta borið yfir 2.600 farþega. Þá er Ruby Princess einnig nýtt en með því koma um 3.200 farþegar. Ruby Princess er 113,561 brúttó-tonn og því næst stærsta skipið sem sækir Ísafjörð heim næsta sumar. Stærsta skipið er Costa Pacifica sem er 114.000 br. tonn.

Enginn sóst eftir mótuneytinu

Enginn hefur sóst eftir að taka að sér mótuneytið í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði, en það hefur verið lokað frá maí. Starfsmenn sem vanalega hafa fengið niðurgreiddan hádegismat á vinnustað fá þess í stað fæðispeninga, og verða að leita annað. „Það var ákveðið að hafa mótuneytið lokað í sumar, eftir að sá sem rak það síðast hætti. Síðan hefur verið auglýst tvívegis, en enginn sótt um,“ segir Óli M. Lúðvíksson, skrifstofustjóri hjá embætti Sýslumannsins á Ísafirði, einni stærstu stofnun hússins.

„Yfirleitt hefur þetta gengið upp, en ekki núna. Það vantar einhvern til að sinna þessu, en það eru um 70 manns við vinnu í húsinu. Þó þeir borði ekki allir í húsinu er þetta mótuneyti fyrir 40 til 50 manns ef allt er eðlilegt. Það hefur komið fyrir að mótuneytinu sé lokað í mánuð, og einu sinni var lokað lengur þegar var skipt um rekstraraðila. Við erum enn vongóð um að þetta náist.“

„Það er lykilatriði að í húsinu sé mótuneyti, þannig að fólk sem starfar í húsinu hittist og geti spjallað, frá ólíkum stofnunum. Mannlegi þátturinn dettur út með þessu. Það endar ábyggilega með því að einhver kemur og sér um þetta fyrir okkur, en það er deyfð eins og er. Það birtir um síðir.“

– herbert@bb.is

Jólahlaðborð á Hótel Ísafirði 30. nóvember

Verð kr. 7.900- á mann.

Kristín Harpa Jónsdóttir píanóleikari og
söngkonan **Salóme Katrín Magnúsdóttir**,
sigurvegari í söngkeppni MÍ,
skemmta á meðan borðhaldi stendur.

Upplýsingar í síma 456 4111 og á vidpollinn.is

VIÐ POLLINN

Veitingar á Hótel Ísafirði

Sívinsælu smurbrauðin okkar
eru í boði alla daga til jóla.

Verðmæti verða til með nýsköpun

Landsbankinn er í fararbroddi þegar kemur að fjármögnun nýrra verkefna sem stuðla að framþróun í sjávarútvegi. Við styðjum frekari vöxt og fleiri verkefni sem renna styrkari stoðum undir atvinnulífið.

Árið 2012

46,8

Árið 2010

27,6

Árið 2008

21,3

Árið 2006

12,6

○ Aflaverðmæti uppsjávarfisks
Milljarðar króna. Heimild: Hagstofa Íslands

Landsbankinn

landsbankinn.is

410 4000





Útgefandi: Gúttó ehf., kt. 680501-2620
Afgreiðsla og ritstjórn: Silfurgötu 1, Ísafirði, sími 456 4560
Ritstjóri BB og bb.is: Sigurjón J. Sigurðsson, 892 5362, bb@bb.is
Ábyrgðarmenn: Halldór Sveinbjörnsson, Sigurjón J. Sigurðsson.
Blaðamenn: Harpa Oddbjörnsdóttir, 846 7487, harpa@bb.is
Herbert Snorrason, 846-3971, herbert@bb.is
Auglýsingar: Halldór Sveinbjörnsson, 894 6125, halldor@bb.is
Prentvinnsla: Litróf ehf.
Upplag: 2.200 eintök
Dreifing: Íslandspóstur. Dreift án endurgjalds inn á öll heimili á norðanverðum Vestfjörðum
Stafræn útgáfa: www.bb.is / facebook.com/pages/bb.is
Önnur útgáfa: Á ferð um Vestfirði
ISSN 1670-021X

Tekið er á móti auglýsingum á pósthöfðunum bb@bb.is.
Auglýsingar þurfa að berast fyrir kl. 17 á mánudögum fyrir útgáfudag sem er almennt á fimmtudögum.

Ritstjórnargrein

Lítið hefur lærst

Greinilega hafa ekki orðið miklar breytingar á ríkjandi stefnu í stjórnun fiskveiða frá því þegar kvótakerfið var innleitt. Um það vitna ummæli sjávarútvegsráðherra, sem nú hyggst koma málum fyrir í kvótakerfinu, með framseljanlegum veiðiheimildum, þar sem það hafi sýnt sig, að kerfi framseljanlegra heimilda sé „gríðarlega þjóðhagslega hagkvæmt.“

Í tilefni orða ráðherra, um þá gríðarlega þjóðarhagsmunir sem hann segir liggja í framsali aflaheimilda í kvótakerfinu, er full ástæða til að rifja upp ummæli nokkurra fyrri tíma áhrifa- og valdsmanna, um framsalið og áhrif þess, en fáum dylst að það (braskið, að margra mati) hefur verið eitt umdeildasta af mörgum álitamálum varðandi fiskveiðistjórnunarkerfið.

Í kastljósi Sjónvarpsins 9. Nóvember 2001 var þáverandi sjávarútvegsráðherra, Árni Mathiesen, spurður hvort til greina kæmi að afnema frjálst leiguframsali á kvóta: „Já, ég er alveg tilbúinn að skoða það.“ Af því tilefni spurði BB í leiðara, hvort ekki væri ráð að leita í skúffu sjávarútvegsnefndar að frumvarpi tveggja fyrrum þingmanna, Guðjóns Guðmundssonar og Guðmundar Hallvarðssonar, um bann við sölu á kvóta, sem svæft var í sjávarútvegsnefnd í ráðherratið Þorsteins Pálssonar?

Fyrir kosningar 2003 lét Halldór Ásgrímsson svo ummælt að framsalið hefði alla tíð verið ágalli á kvótakerfinu og sært réttlætiskennd fólks. Í Morgunblaðinu, 17. apríl s.á. sagðist Halldór fylgjandi því að auka veiðiskilyrði úr 50% í 75%: „Breyting hefði þau áhrif að brottkastið minnkaði og minna verður braskað í framsalinu.“

Í sjónvarpsþætti í byrjun janúar 2007, þar sem rætt var um veiðiskilyrði og framsal aflaheimilda, var því haldið fram að mannlegi þátturinn varðandi fiskveiðistjórnunarkerfið hefði gleymst og að „leiguframsali innan ársins (væri) undirrót flestra vandamála í greininni.“

Ætla verður að sjávarútvegsráðherra sé kunnugt um þá afstöðu sem opinberast í framangreindum tilvitnunum, og raktar eru meðal annars til tveggja fyrrverandi ráðherra málaflokksins, annar þeirra af mörgum talinn guðfaðir kerfisins, fenginni af margra ára reynslu af stjórnkerfi, sem stórlega hafði sært réttlætiskennd þjóðarinnar, skapað úlfúð og rústað heilu byggðarlögin; nokkuð sem augu stjórnmálamanna ættu að hafa opnast fyrir.

Hvernig áframhaldandi kvótaúthlutun til frjálsrar sölu er hugsuð sem leiðin til sátta um framtíðarskipulag fiskveiðistjórnunarkerfisins hefur ekki verið útlistað, enda ekki við því að búast, svo óskiljanleg með öllu, sem sú fyrirtælan er.

Áður en það er um seinan ættu stjórnvöld að taka mið af fyrri tíma reynslu, þó eplið þyki súrt að bíta í. s.h.

Spurning vikunnar

Á að aðskilja sjúkraftutninga frá slökkviliði Ísafjarðarbæjar?

Alls svöruðu 560.

Já sögðu 59 eða 10%

Nei sögðu 460 eða 83%

Hlutlausir voru 41 eða 7%

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.



Húsbandið lék undir með Þórði Alexander Úlfi Júlíussyni.



Hörmung var í 3. sæti með frumsamið lag, Lofgjörð.

Salóme Katrín sigraði

Salóme Katrín Magnúsdóttir sigraði í undankeppni Menntaskólans á Ísafirði fyrir söngkeppni framhaldsskólana sem fór fram í íþróttahúsinu á Torfnesi á föstudagskvöld. Hún tók lagið Blue Velvet eftir Bernie Wayne og Lee Morris en það var upphaflega flutt af Tony Bennett árið 1951. Í öðru sæti voru Jólagestir Björgúlfs sem tóku lagið Miðgarðsormur eftir hljómsveitina Skálmöld. Jólagestina mynduðu þau Arnheiður Steinþórsdóttir, Björgúlfur Egill Pálsson, Birkir Örn Hagalínsson, Davíð Sigvatsson, Einar Viðar Guðmundsson Thoroddsen, Helgi Snær Bergsteinsson og Birgir Knútur Birgisson. Í þriðja sæti

var hljómsveitin Hörmung með frumsamið lag, Lofgjörð. Hörmung skipa þeir Einar Bragi Guðmundsson, Brynjar J. Olsen, Egill Bjarni Vikse, Slavjan Yordanov og Valgeir Skorri Vernharðsson. Keppnin tókst í alla staði vel og umgjörðin var hin glæsilega.

asta. Mætingin var mjög góð og stemningin eftir henni. Húsbandið skipuðu þeir Benjamín Bent Árnason, Einar Viðar Guðmundsson Thoroddsen, Matheus Samson og Þormóður Eiríksson.

– harpa@bb.is

Atvinna

Óskum eftir starfsmanni á verkstæði okkar til að annast viðgerðir á tækjum og búnaði.

Meirapróf æskilegt.

Upplýsingar gefur Ragnar í síma 892 0660.

Gámapjónusta Vestfjarða.

**lamba
rib-eye**

31% afsl.
2.966
áður 4.298 kr/kg



**svína
kótelettur**
með raspi

21% afsl.
1.499
áður 1.898 kr/kg



**Nauta-
hamborgarar**
4x120g

30% afsl.
158
áður 219 kr/stk



Kjötsel
**Bayonne-
skinka**



32% afsl.
1.495
áður 2.198 kr/kg

FERSKT

ÚR KJÖTBORÐI

**TILBOÐ
VIKUNNA**

Verið velkomin í næstu
Úrvalsverslun.

Kynnið ykkur tilboðin hér
og fáðið uppskrift vikunnar
á heimasíðunni okkar

Kalkúnn
1/1 frosinn

Íslenskur
Kalkúnn
beint frá bónda



30% afsl.
1.546
áður 1.798 kr/kg

Ísfugl
**kjúklinga-
vængir**
hvítlauks



nú 439
áður 549 kr/kg

VILLIBRÁÐ
20% afsláttur



Kengúrufilé	NÚ 3.998	4.998 kr/kg
Önd - 625 g	NÚ 2.638	3.298 kr/kg
Dádýralundir	NÚ 5.591	6.989 kr/kg
Fasani	NÚ 1.278	1.598 kr/kg
Önd - heil	NÚ 1.518	1.898 kr/kg

Okkar
**Laufa-
brauð**
8 stk



31% afsl.
896
áður 1.298 kr/pk

**50%
afsláttur**



MANGÓ

349 áður 698 kr/kg

VÍNARBRAUÐ
Bakað á staðnum



**50%
afsláttur**

125 áður 249 kr/kg

Tilboðin gilda 21. - 27. nóvember

Samkaup **úrval**

www.Samkaupurval.is verð eru birt með fyrirvara um villur og eða myndavíxl.

Akureyri · Blönduós · Bolungarvík · Dalvík · Grundarfjörður · Hafnarfjörður · Húsavík · Ísafjörður · Neskaupstaður · Ólafsfjörður · Selfoss · Siglufjörður · Skagatrönd

„Okkar lán að Alma framdi rán“

Hlynur Snorrason yfirlög-regluþjónn í lögreglunni á Vest-fjörðum hefur gegnt starfinu í rúmt ár en á föstudag hélt hann upp á þrjátíu ára starfsafmæli hjá embættinu. Áður en hann tók við stöðu yfirlög-regluþjóns, var hann fulltrúi við embættið frá árinu 1988. Þannig var hann yfirmaður rannsóknardeildar embættisins í eins 24 ár. Hlynur tók við yfirlög-regluþjóns starfinu af Önnundi Jónssyni sem lét af störfum í nóvember á síðasta ári vegna aldurs en þá hafði Önnundur gegnt starfinu í 19 ár.

„Við ætlum aðeins að gera okkur glaðan dag og kalla til þá lögreglumenn sem voru við störf og tóku á móti mér þegar ég byrjaði hér 1983, Torfa Einarsson,

Sighvat Þórarinnsson og Hrafn Guðmundsson. Svo var Finnbogi Hermannsson að vinna hérna líka á þeim tíma en hann er fjarverandi, staddur í Reykjavík. Þetta eru þeir höfðingjar sem enn eru búsettir hér vestra, hinir samferðamenn mínir í lögreglunni þessi þrjátíu ár skipta hundruðum,“ sagði Hlynur í samtali við blaðið á föstudag.

Hann rifjar upp hvernig það atvikaðist að hann kom til Ísafjarðar fyrir þrjátíu árum, án þess að hafa komin þangað áður. „Það er svo skrítið, ég var nefnilega að vinna í lögreglunni í Reykjavík sumarið 1983 og yfirmenn mínir hvöttu mig til að sækja um stöðu út á landi, vera einn vetur og koma svo aftur um vorið til að

fara í lögregluskólann. Það var þannig hér áður fyrr að fyrst byrjaði maður að vinna hjá einhverju lögregluembættinu og var síðan sendur þaðan í skólann. Nú er það yfirleitt öfugt, nú sækir fólk um að komast í skólann eins og hvern annan skóla, klárar námið og sækir síðan um vinnu hjá einhverju embættinu að náminu loknu,“ segir Hlynur og bætir við:

„Þegar ég fer að líta eftir lausum stöðum úti á landi hafði ég val um annað hvort Vestmannaeyjar eða Ísafjörð. Afein hverjum ástæðum, sem ég hef aldrei getað skilið, sótti ég bara um á Ísafirði þó það hefði verið mun nærtækara fyrir mig að sækja um í Vestmannaeyjum. Ég hafði reyndar



Samferðamenn Hlyns á upphafsárum hans í lögreglunni á Ísafirði. F.v. Torfi Einarsson, Sighvatur Þórarinnsson og Hrafn Guðmundsson.



Hlynur fær sér bita af tertunni.

komið á hvoruga staðina en þekkti þó fullt af fólki í Eyjum og er alinn upp undir Eyjafjöllum og horfði því til Vestmannaeyja á hverjum degi. En ég hélt til Ísafjarðar og hef ekki séð eftir einni einustu mínútu af þessum þrjátíu árum enda er þessi staður og þetta samfélag alveg einstakt. Ég kynntist Ölmu konunni minni strax fyrsta haustið og þá er í raun sagan sögð, þremur börnum og tveimur barnabörnum síðar,“ segir hann.

Hlynur segir kíminn frá því að honum hafi borist óvænt vísukorn

frá Bolungarvík, í tilefni dagsins og leyfir hann okkur að njóta með sér:

Í löggunni lengi setið.
Löggulífið hefur metið.

Frá Skógum birtist,
saklaus virtist,
sveinninn beint í lambaketið.

Hérna undi hinn ungi gestur.
Endanlega er kominn vestur.

Það var okkar lán
að Alma framdi rán.

Alltaf verður drengur bestur.
– harpa@bb.is

Framtíðarstarf hjá Lyfju



Lyfja Ísafirði leitar að sjálfstæðum og metnaðarfullum starfsmanni. Starfið felst í sölu og ráðgjöf til viðskiptavina við val á vörum, afgreiðslu á kassa, afhendingu lyfja gegn lyfseðli, afgreiðslu á lausasölu lyfjum og ráðgjöf um val og notkun þeirra auk annarra tilfallandi verkefna. Viðkomandi þarf að geta hafið störf 1. desember nk. en þó er hægt að semja um annað.

Um er að ræða starf alla virka daga frá kl. 14-18 og fjórða hvern laugardag frá kl. 11-13. **Hæfniskröfur:** Reynsla af verslunarstörfum er æskileg og reynsla úr apóteki er kostur.

Nánari upplýsingar gefur Jónas Þór, lyfsali Lyfju á Ísafirði í síma 456 3009 eða á netfanginu jonas@lyfja.is. Umsóknir sendist í gegnum vefsíðu Lyfju hf., lyfja.is, í Lyfju Ísafirði eða á netfangið jonas@lyfja.is.

Orlofsíbúð

Orlofssjóður Læknafélags Íslands óskar eftir að taka á leigu íbúð eða hús á Ísafirði. Skilyrði er að um sé að ræða íbúð/hús í góðu lagi, aðstaða sé góð og gistiaðstaða fyrir a.m.k. 6-8 manns. Leigutímabil er samkomulagsatriði, ca. júní til ágúst 2014.

Áhugasamir sendi tölvupóst til Sólveigar Jóhannsdóttur, netfang: solveig@lis.is, eða hringi í síma 564 4105.

NÝR RAV4

ÆVINTÝRIÐ BÍÐUR



TOYOTA

ALWAYS A
BETTER WAY



Uppgötvaðu ævintýrin í lífi þínu á ný. Það er innblásturinn að baki endurhönnun á RAV4. Ökutæki sem er fullkominn félagi fyrir skemmtun með vinum og fjölskyldu. RAV4 hefur burði til að koma þér hvert sem þú vilt fara og það er nóg rými fyrir farþega og farangur. Hann er hljóðlátur, öruggur og með framúrskarandi aksturseiginleika. Komdu og reynsluaktu alveg nýrri kynslóð af RAV4. Ævintýrið bíður.

Fáðu nánari upplýsingar á www.toyota.is
Erum á Facebook - Toyota á Íslandi

Verð frá: 5.985.000 kr.



Toyota Kaupúni
Kaupúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
Reykjanesbæ
Sími: 420-6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
Selfossi
Sími: 480-8000

*Bíllinn á myndinni kann að vera búinn aukahlutum sem ekki eiga við uppgjöf verð og allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur.
RAV4 2.2l dísil var prófaður og fékk fimm stjörnur á öryggisprófi Euro NCAP.

Tómasi lækni sagt upp störfum

Heilbrigðisstofnun Vestfjarða hefur afþakkað vinnuframlag Tómasar Halldórs Pajdak, lækni við stofnunina. Í yfirlýsingu frá Tómasi segir að framkvæmdastjóri stofnunarinnar, Þröstur Óskarsson, og framkvæmdastjóri lækninga við stofnunina, Þorsteinn Jóhannesson, hafi bannað sér að mæta til vinnu frá og með 12. nóvember. „Þetta gerðu þeir án nokkurs rökstuðnings og án þess að nefna nokkra ástæðu,

þrátt fyrir að ég hafi lýst yfir vilja til að vinna við stofnunina út árið, eins og ég er með samning upp á, og jafnvel lengur,“ segir í yfirlýsingunni.

„Mér er hulin ráðgáta hvernig þeir, sem ekki hefur gengið vel að reka stofnunina innan ramma fjárlaga þetta árið, ætla að mæta þeim fjárlátum sem óhjákvæmlega falla til vegna ákvörðunar þeirra en stofnunin þarf t.d. að greiða mér full laun út árið. Mér

þykir m.a. mjög miður að hafa óvænt og skyndilega verið sviptur aðstöðu til að fylgja eftir skjólstaðingum sem ég hafði ráðgert að fylgja eftir, sviptur því að sinna heilsugæslu í Suðavík og á Flateyri, og sviptur því að fá að kveðja samstarfsfólk mitt á stofnuninni á eðlilegan hátt. Ég bið skjólstaðinga sem ég hef ekki eða mun ekki hafa samband við á næstunni vegna rannsóknarniðurstæðna eða annars um að erfa

það ekki við mig.“

„Til að eyða öllum vafa er hér með tilkynnt að vinnuframlag þitt er afþakkað frá og með deginum í dag 12. nóvember 2013,“ segir í uppsagnarbréfi Tómasar. Þröstur Óskarsson, framkvæmdastjóri stofnunarinnar, sem skrifar undir bréfið, sagðist í samtali við BB ekki tjá sig um málefni einstakra starfsmanna.

Í byrjun október var ágreiningi milli lækna stofnunarinnar vísað

til landlæknis eftir að hann barst í fjölmiðla. Meðal þess sem ágreiningurinn snerist um var starfshæfi Þorsteins vegna veikinda. Þá var mánuður liðinn frá því að heilsugæslulæknar fóru fram á að fengið yrði faglegt mat á starfshæfi Þorsteins frá landlækni. Málið er til vinnslu hjá embætti landlæknis, en Geir Gunnlaugsson, landlæknir, hefur sagt að unnið sé að lyktum þess eins fljótt og auðið er.

Vonandi að afraksturinn gagnist á svæðinu

Íslenska hugbúnaðarfyrtækið Betware var selt til austurríska félagsins Novomatic á dögunum. Framkvæmdastjóri Betware og áður helsti eigandi félagsins er Stefán Hrafnkelsson. Faðir Stefáns var apótekari á Ísafirði, og eiginkona hans er Anna Ólafía Sigurðardóttir, borinn og barnfæddur Ísfirðingur. Einnig í hópi hluthafa Betware var Gísli Jón

Hjaltason, kaupmaður á Ísafirði, en hann hefur starfað með Stefáni Hrafnkelssyni, framkvæmdastjóra og helsta eiganda Betware, í fjölda ára og í gegnum nokkur fyrirtæki. Kaupverð Betware fæst ekki uppgefið, en Gísli Jón segir að mikil áhersla sé frá kaupanda á að verðið sé trúnaðarmál. Í umfjöllun fjölmiðla hefur komið fram að það sé 2-3 milljarðar



Gísli Jón Hjaltason, einn seljenda Betware.

króna.

„Þetta er búið að vera nokkuð langhlaup, og hefði aldrei tekist nema fyrir þær sakir að Stefán er varkár og þolinmóður, þó hann sé nýjungagjarn. Fyrirtækið hefur verið starfandi allt frá 1998, en það heyrðist kannski meira af forvera fyrirtækisins, Margmiðlun. Við seldum Margmiðlun og héldum eftir Betware, sem var dótturfélag. Félagið hefur framleitt grunnhugbúnað fyrir leiki og leikjalausnir, einkum lottó og getraunir. Þetta er gríðarlega stór markaður á heimsvísu, en við einbeittum okkur að opinbera

markaðnum, ríkislottóunum fyrst og fremst. Við önnuðumst til dæmis netmál fyrir Íslenska getspá.“

Betware er eitt af þessum fyrirtækjum sem auðvelt er að vanmeta í stærð, en margir sjá fyrir sér nokkurra manna hóp í einni skrifstofu þegar talað er um hugbúnaðarfyrtæki. „Núna eru um 120 manns í starfi hjá félaginu, og það starfar með skrifstofur í fjórum löndum. Betware var fyrsta fyrirtækið sem internetvæddi lottó og getraunir, og hefur verið leiðandi í þróun á þessu sviði. Það var auðvitað það sem

vakti athygli kaupenda á félaginu. Fyrir um tveimur árum síðan var falast eftir kaupum á Betware, en því var ekki tekið. Svo fóru að berast fleiri tilboð, og fyrir um ári síðan var ákveðið að setja þetta mál í farveg. Það var leitað að öllum sem gætu haft áhuga, og svo var hópurinn vinsaður niður þangað til það var einn eftir. Það hefur verið mikil vinna í þessu máli í allt ár, og kaupendurnir hafa rannsakað okkur ofan í kjölinn.“

Gísli Jón er ekki eini Vestfirðingurinn sem tengist málinu. „Það eru nokkrir aðilar hér á Ísafirði, og Vestfjörðum, tengdir Stefáni sem komu að stofnun þessa fyrirtækis með honum, og lögdust á áramur með honum í þessum rekstri allt frá upphafi. Stefán ólst að hluta upp hér á Ísafirði, og hefur alltaf haft sterkar taugar hingað. Hér hafa menn haft trú á honum, og tekið þátt í þessu verki. Það er vonandi að við getum notað afraksturinn af því til góðra verka hér á svæðinu.“

– herbert@bb.is

20% afsláttur
af öllum dúnúlpum
dagana 14.-28. nóv.



Kiktu á
www.appaman.web.is



Barnafataverslun
Bæjarlind 6 • 201 Kópavogur • Sími 519-7561

Óvissa um flugvöll og fleira

Samningur var undirritaður um framtíð Reykjavíkflugvallar. Hann fær að vera áfram á sínum stað til 2022, en ekki óbreyttur. Loka skal norðaustur og suðvestur flugbrautinni. Sú var niðurstaðan af samningaviðræðum forsvarsmanna Reykjavíkurborgar og ríkisins. Þar með er framtíð Reykjavíkflugvallar í óvissu og ætla má að verið sé að kaupa frest og líklega eina niðurstæða þessa hitamáls margra, bæði innan og utan borgar, sé sú að flytja skuli flugvöllinn. Gott og vel, en þá verður að gera þá kröfu til stjórnmalamanna bæði á sveitarstjórnarstigi og Alþingi að segja satt og halda ekki þeim hætti sem of oft tíðkast að slá ryki í augu kjósenda, einkum fyrir kosningar. Koskið verður til sveitarstjórna á næsta, vori í lok maí. Ríkisstjórn sem fellur stöðugt í vinsældum vill að sjálfsögðu ekki hafa það hangandi yfir sér að þeir vilji ekki flugvöll í höfuðborginni. Hvort þessi afleikur dugar þeim skal ósagt látið. Það er í hæsta máta ólíklegt.

Margir bíða enn efnda loforða Framsóknarflokksins undir forystu Sigmundar Davíðs, sonar Gunnlaugs fyrrum alþingismanns sama flokks á Vestfjörðum. Hið eina sem bolar á er að skipa fleiri nefndir. Ekki verða peningar til með því. Það þarf

pen-inga, fé, beinharðan gjaldeyri, íslenskan eða útlendan til að leysa málið. Hann er ekki til. Forgangsraða þarf því með sterkum hætti útgjöldum. Hér ríkir mikil óvissa um framtíð loforðs sem Sjálfstæðisflokkurinn var nógu ólánsamur að taka undir. Upplýsist ekki fyrir áramót hvernig „jólagjöfinni“ reidir af má búast við að ríkisstjórnin falli niður vinsældalistann og það hratt, Kannski tekst þeim að slá met Jóhönnu og Steingríms Jóhanns úr síðustu ríkisstjórn.

Óvissa er um margt í sveitarstjórnarmálum. Jón Gnarr er hættur í pólitík. Sjálfstæðisflokkur í Reykjavík á engan alvöru forystumann til að sinna borginni. Hið sama gildir víða um land og sér ekki lausnir á. Sveitarstjórnarmál eru nærumhverfis og þar þurfa menn að standa saman. En meðan hver stjórnmalamaðurinn á fætur öðrum hugsar um persónulegan frama fækkar þeim sem hugsa um kjósendur. Þannig þróast flugvallarmálið öllum til ógagns. Allt stefnir í að flugvöllur verði ekki í Reykjavík eftir áratug. Er þá ekki rétt að hugsa sjúkrahúsbyggingu upp á nýtt og flytja hvort tveggja til Keflavíkur eða á Suðurnes. Ekki skal sagt að höfuðborgin sé á röngum stað, en stjórnmalamenn allra flokka virðast vera það og skapa þar með óvissu, sem þarf að eyða.

Stakkur skrifar

Stakkur hefur ritað viku-lega pistla í **Bæjarins besta** í mörg ár. Skoðanir hans á mönnum og mállefnum hafa oft verið umdeildar og vak- ið umræður. Þær þurfa alls ekki að fara saman við skoðanir útgefenda blaðsins. Þrátt fyrir það bera ábyrgðarmenn blaðsins ábyrgð á skrif- um **Stakks** á meðan hann notar dulnefni sitt.

Rauðir dagar 18.-22. nóvember

Hvað er opið lengi í útibúum Íslandsbanka í dag?

☐ Til 17.00

☐ Til 17.00

☐ Til 17.00

☐ Til 17.00

Á Rauðum dögum Íslandsbanka 18.-22. nóvember leggjum við sérstaka áherslu á fræðslu um flest það sem viðkemur fjármálum heimilisins.

Komdu í útibúið, fáðu heitt kaffi og spurðu okkur spjörunum úr.

Fimmtudagur 21. nóvember

Opið til 17.00 með Georg og félögum



Við höfum opið frameftir

Krakkar sem koma með baukinn sinn fá flottan glaðning*. Öll útibú til kl. 17.00.



*Gildir á meðan birgðir endast

Er kominn tími til að uppfæra myndina?

Við bjóðum þér myndatöku og nýja mynd í kortin, þér að kostnaðarlausu í útibúinu þínu á milli kl. 15.00-17.00.



Við bjóðum
góða þjónustu

islandsbanki.is | Sími 440 4000

Íslandsbanki

Færðu Heilbrigðisstofnuninni veglega gjöf

Heilbrigðisstofnun Vestfjarða fékk í síðustu viku afhent tíu ný sjónvarpstæki og tvo DVD spilara að gjöf. Það voru þau Guðjón Þorsteinsson og Ragnhildur Ágústsdóttir, sem tóku sig til og söfnuðu fyrir tækjunum. Forsaga söfnunarinnar er nokkuð sérstök.

„Ég var búinn að áforma að stofna samtök sem yrðu svona hjálparamtök fyrir bættu umhverfi sjúklinga og starfsmanna sjúkrahússins hér heima og hélt því í Landsbankann á Ísafirði til að stofna reikning. Ég spjallaði þar við Sævar útibússtjóra um málið og hann bara bað mig vinsamlegast um að hinkra og kom sem með hana Rögnu, sem vinnur einmitt í bankanum, en þá hafði hún einmitt fengið sömu hugmynd. Hann leiddi okkur þarna saman og við að sjálfsögðu ákváðum að vinna að þessu saman. Við erum bæði þessar jákvæðu típur sem ætlum okkur að vera til gagns,“ segir Guðjón.

Ýmis fyrirtæki á svæðinu sem og Verkalýðsfélag Vestfirðinga ljáðu málefnið lið og voru þau Guðjón og Ragna ekki lengi að safna fyrir tækjunum. „Þetta er alveg það sem þurfti nauðsynlega því á sjúkrahúsinu eru tækin mörg hver gömul og úr sér gengin,



Frá afhendingu gjafarinnar. F.v. Þröstur Óskarsson, framkvæmdastjóri Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða, Guðjón Þorsteinsson, Rannveig Björnsdóttir og Ragnhildur Ágústsdóttir.

einhverjar fjarstýringar virka ekki og svona. Og þegar maður liggur á sjúkrahúsi þá er svo mikilvægt að geta stýtt sér stundir og dreift huganum aðeins, ég tala nú ekki um svona í svartasta skammdeginu. Þetta eru glæný tæki og ég sé þetta fyrir mér þannig að nú geti til dæmis aðstand-

endur sett myndbönd eða ljósmyndir eða hvaðeina inn á minnislykla og leyft þeim sem liggja inni að njóta. Tilgangurinn er auðvitað sá að sem best fari um þá sem þurfa að koma inn á sjúkrahúsið. Okkar hlutverk er að redda og það getum við. Þetta verkefni var unnið góðri sam-

vinnu við vini okkar í Snerpu og Sjónvarpsmiðstöðina í Reykjavík og svo sá Pósturinn um að koma þessu hingað vestur. Þannig að það má segja að útréttar hendur hafi verið alveg hægri vinstri!“, segir Guðjón.

Til viðbótar við fyrrgreind félög og fyrirtæki sem lögðu mál-

efninu lið voru Dress up Games, Landsbankinn, Orkubú Vestfjarða, Íslandsbanki, Vátryggingafélag Íslands og tvö önnur fyrirtæki sem ekki vildu láta nafn síns getið. Ragna og Guðjón vilja koma á framfæri þökkum til þeirra félaga og fyrirtækja sem lögðu söfnuninni lið.

INTERSPORT®

SPORT TO THE PEOPLE

VERSLAÐU Á NETINU

FRÍ HEIMSENDING OG NETGÍRÓ



www.intersport.is



BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS



998
krónur kg.

BLANDAÐ HAKK NAUT / LAMB
100% HREINT KJÖT



FORKRYDDAÐ Í BRAUÐRASPI
TILBÚÐ Á PÖNNUNA

NÝTT Í BÓNUS

1498
krónur kg

FERSKAR ÚRB. GRÍSAHNAKKASNEIÐAR



479
krónur 1.36 kg.

AMERÍSK RAUÐ EPLI Í POKA 1.36 KG.

BÓNUS GOTT VERÐ Í BÓNUS GOTT VERÐ Í BÓNUS GOTT



FERSKT KRYDDAÐ
HEIÐALAMB

1398
krónur kg



BÓNUS PEPPERONI BOX

398
krónur 153g



298
krónur 1kg

BÓNUS TRÖLLAHAFRAR



98
krónur 1 kg.

EUROSHOPPER HVEITI 1 kg



459
krónur stk.

DÖNSK KERTI
18 x 7 SM



179
krónur 567ml



Kofareyktur
hangiframpartur
með beini

1259
krónur kg.



BÓNUS
BACON

1598
krónur kg



195
krónur 500g.



279
krónur 300g

HEIMA SUÐUSÚKKULAFI 300g



298
krónur 200g

BÓNUS HVÍTT SÚKKULAFI 300g



179
krónur 2 ltr

198
krónur 2 ltr



Matfugl

Kjúklinga-
bringur

1798
krónur kg

MAJFUGL FROSNAK
KJUKLINGABRINGUR



198
krónur 170g

FIMMTUD. OPIÐ
11:00-18:30

BONUS EKKERT BRUÐL

VISA

FIMMTUD. OPIÐ
11:00-18:30



Stjórnsýsluhúsið á Ísafirði.

Ísafjarðarbær hefur ekki falast eftir léninu Ísafjarðarbær.is

Ísafjarðarbær hefur alltaf notað léninu isafjordur.is í staðinn fyrir isafjarðarbær.is eða Ísafjarðarbær.is. Árið 1996 varð Ísafjarðarbær til við sameiningu sex sveitarfélaga á norðanverðum Vestfjörðum, Flateyrarhrepps, Ísafjarðarkaupstaðar, Mosvallahrepps, Mýrahrepps, Suðureyrarhrepps og Þingeyrarhrepps. Til að byrja með voru fjögur bæjarmerki á bréfsefni Ísafjarðarbæjar en 15 árum eftir sameininguna samþykkti bæjarstjórn Ísafjarðarbæj-

ar að framvegis skyldi nota gamla byggðamerki Ísafjarðarkaupstaðar sem teiknað var af Tryggva Magnússyni listmálara. Það mætti því segja að tvö stærstu einkennismerki sameinaðs sveitarfélags, léninu og skjaldamerkið, tengist bara Ísafirði.

Aðspurður hvort sveitarfélagið hafi sóst eftir fyrrgreindum léninu segir Hálf dán Bjarki Hálf dánsson upplýsingafulltrúi Ísafjarðarbæjar svo ekki vera en sjálfsagt að athuga hvort það sé

ekki hægt. „Ég held að þar sem sveitarfélagið hefur haft núverandi lén frá 3. mars 1997, verður það að vera áfram til staðar, en það er vel hægt að hafa tvö (eða fleiri) lén sem öll vísa á sömu síðu. Í þá daga sem léninu varð til var ekki hægt að fá skráð lén með íslenskum stöfum svo Ísafjarðarbær.is stóð ekki til boða. Það hefur breyst núna en mig grunar að það hafi að minnsta kosti verið hluti ástæðunnar á sínum tíma, þó það sé alltaf mjög erfitt að túlka hug þeirra sem stjórnðu bænnum fyrir 17 árum,“

segir hann.

Bæði lénin voru seld fyrir fimm árum en það var Ísfríðingurinn Gylfi Ólafsson sem tryggði sér þau. Aðspurður um kaupin segir Gylfi að honum hafi þótt skrítið að sveitarfélagið ætti ekki léninu sitt og því keypt það, eða þau bæði, sem ádeilu og í gríni. „Þetta er líka góður vettvangur til að nota sem vefmiðil um byggðamál og vonandi eru einhverjar hræringar í því núna. Það sem er samt áhugavert er að ég keypti þetta 2009 og enginn hefur falast eftir því,“ segir hann.



Anton Helgi golfari ársins

Anton Helgi Guðjónsson var útnefndur kylfingur ársins á aðalfundi Golfklúbbs Ísafjarðar, sem haldinn var í síðustu viku. Á fundinum var einnig veittur svonefndur háttvísibíkar, fyrir góða framkomu og störf fyrir klúbbinn, en hann hlaut Vilhjálmur Matthíasson. Þá voru skálameistarar verðlaunaðir, en þeir voru Guðrún Á. Stefánsdóttir í kvennaflokki og Guðbjörn Salmar Jóhannsson í karlaflokki. Meðal þess sem rætt var á fundinum eru áform um endurskipulag golfvallarins.

„Við fengum til okkar golfvallarhönnuð í sumar, sem gerði fyrir okkur endurskipulag á vellinum. Á fundinum var samþykkt að vinna eftir því, þannig að það gæti verið töluverð vinna framundan hjá okkur. Þetta eru töluverðar breytingar, en við höfum verið að kynna þær í haust. Völlurinn verður lengdur, og mörgum brautum og flötum breytt. Þetta er langtíamarkmið hjá okkur,“ segir Tryggvi Sigtryggsson, formaður klúbbsins. Hann segir að góð mæting hafi verið á fundinn, þar sem stjórn félagsins var öll endurkjörin, en einn stjórnarmaður valdi að hætta störfum.

Stefnir í metþátttöku

Æfingabúðir fyrir Fossavatnsgönguna verða haldnar í lok mánaðarins, en þar er um að ræða samstarfsverkefni Fossavatnsgöngunnar, Skíðafélags Ísfríðinga, Ísafjarðarbæjar og Hótel Ísafjarðar. Æfingarnar eru ætlaðar öllum sem hafa áhuga, en þær eru rétt eins viðeigandi fyrir nýgræðinga eins og þá sem reyndari eru, segir Kristbjörn R. Sigurjónsson, sem annast skráningar. „Við vorum með um 50 manns í fyrra, og nú þegar eru komnir 30. Það bætist við á hverjum degi, svo það verða væntanlega fleiri þátttakendur en í fyrra. Það eru ekki margir heimamenn sem koma til okkar í þetta, en við leggjum áherslu á að fá fólk sem víðast að, til að fá fleiri í gönguna.“

„Þetta er sjöunda árið sem við höldum þessar æfingabúðir. Þegar við byrjuðum voru svona tíu manns í þessu, en það hefur aukist um svona tíu manns á hverju ári. Við höfum alltaf fengið góðan stuðning frá Ísafjarðarbæ. Þó svæðið hafi ekki verið opnað formlega fáum við að byrja aðeins fyrr.“

Aðstoð bæjarins nær þó nokkuð lengra, en það er hvorki meira né minna en bæjarstjórninn sjálfur, fyrrum landsliðsmaðurinn Daníel Jakobsen sem verður hjálpari á æfingunum. Æfingabúðirnar verða haldnar á dögum 28. nóvember til 1. desember, en í tengslum við þær er boðið upp á tilboð á gistingu á Hótel Horni.

– herbert@bb.is

Lagt til að rýmka rétt námsmanna til húsaleigubóta

Sex þingmenn Norðaustur- og Norðvesturkjördæma hafa lagt fram frumvarp um breytingu á lögum um húsaleigubætur, þar sem námsmönnum á framhalds- og háskólastigi sem eiga lögheimili í meira en 30 km fjarlægð frá skólanum, en þó innan sama sveitarfélags, er veittur réttur til húsaleigubóta. Einnig verði heimilt að veita húsaleigubætur þó vegalengdin sé skemmri, séu samgöngur erfiðar að öðru leiti, m.a. með tilliti til veðráttu og ástands vega. Samkvæmt núgildandi lögum hafa námsmenn sem hafa lögheimili í öðru sveitarfé-

lagi rétt til húsaleigubóta.


„Meðan sveitarfélög voru mörg og eftir því lítil að flatarmáli, flest hver, kom þetta ekki að sök en á þeim landsvæðum þar sem sveitarfélög hafa sameinast og orðið víðáttumikil blasir við að námsmenn í slíkum sveitarfélögum geta staðið frammi fyrir því að hljóta engar húsaleigubætur þótt svo það langt sé frá lögheimili þeirra á skólastað að þeir eru nauðbeygðir til að flytja þaðan og búa nær skóla á meðan á námi þeirra stendur,“ segir í greinargerð með frumvarpinu.

Í þessu samhengi má benda á stöðuna á Vestfjörðum, en nemandur Menntaskólans á Ísafirði frá Bolungarvík og Súðavík eiga rétt á húsaleigubótum – en ekki nemandur frá Suðureyri, Flateyri og Þingeyri. 13 km eru frá Bolungarvík til Ísafjarðar, 20 frá Súðavík, 22 frá Flateyri, 23 frá Suðureyri og 49 frá Þingeyri. Ekki liggja fyrir tölur um fjölda þeirra sem lagabreytingin hefur áhrif á, né heldur líklega nýtingu, en markmið breytingarinnar er að tryggja jafnrétti til náms og búsetu.

– herbert@bb.is

20 %
VILDARAFSLÁTTUR
AF ÖLLUM
BARNABÓKUM
21. TIL 24. NÓVEMBER
GILDIR Í VERSLUN EYMUNDSSON Í ÍSAFIRÐI

Eymundsson



VILDARKLÚBBUR
EYMUNDSSON

Úrval er mismunandi eftir verslunum.



Húseignin að Hafnarstræti 19 á Ísafirði.

Bera skaðabótaábyrgð á tjóni vegna galla

Héraðsdómur Reykjavíkur hefur dæmt byggingastjóra og múrarmeistara til greiðslu skaðabóta að upphæð 4.109.614 krónur vegna ágalla á múrverki fasteignarinnar Hafnarstræti 19 á Ísafirði og Sjóvá-Almennar tryggingar hf. til greiðslu þess sem á vantaði vegna tryggingar byggingastjóra. Upphæðin skiptist á milli stefnenda sem voru fasteignafélagið Urtustein ehf. í Reykjanesbæ og átta eigendur fjögurra íbúða í umræddu húsnæði. Afhenda átti eignirnar 1. ágúst 2006 en fljótlega á árinu 2006 varð ljóst að það stæðist ekki þar sem framkvæmdir við bygginguna gengu mjög hægt, m.a. sökum margvíslegra erfiðleika í rekstri byggingaverkakans en fyrrgreindur byggingarstjóri var þáverandi eigandi og forsvarsmður verk-

takans. Bú fyrirtækisins var tekið til gjaldprotaskipta 5. janúar 2007.

Stefnendur kváðust hafa gert athugasemdir við ýmislegt í framkvæmd verksins og vinnubrögð, sem viðhöfð voru af hálfu byggingaraðila, en ekki hafi verið tekið tillit til sjónarmiða þeirra nema að mjög litlu leyti. Byggingarstjórinn og Sjóvá-Almennar tryggingar hf., sögðu hins vegar aldrei hefði verið gerðar athugasemdir við gæði verksins á framkvæmdatíma og þeir hafi því verið með öllu grunlausir um að smiðir og iðnlærðir múrarar hefðu ekki staðið með faglega réttum hætti að verkinu.

Í stefnunni er því lýst að þegar eigendur íbúða á efri hæð hússins hafi tekið við fasteigninni, hafi blasað við þeim að ýmsu hafi verið ábótavant og að margvíslegir

ágallar á byggingunni hafi fljótlega komið í ljós. Í niðurstöðu dómsins segir meðal annars að skylda hvíli á byggingarstjóra að sjá til þess, ekki bara að byggt sé í samræmi við samþykktu uppdrætti, lög og reglugerðir, heldur einnig skylda til að hafa yfirumsjón og eftirlit með byggingarframkvæmdum, sem hann stýrði, þar á meðal að iðnmeistarar, sem að verkinu kæmu, fyrir hans atbeina, sinni skyldum sínum og að framkvæmd sé tæknilega og faglega fullnægjandi. Verði því að telja að stefndi byggingarstjóri beri skaðabótaábyrgð á því tjóni, sem hljótist af göllum á faglegri vinnu við múrverk.

Þá segir í niðurstöðu dómsins að samkvæmt þágildandi skipulags- og byggingarlögum hafi iðnmeistari borið ábyrgð gagn-

vart byggingarstjóra og eiganda byggingarframkvæmda á því að þeir verkþættir, sem hann tók að sér að hafa umsjón með, væru unnir í samræmi við viðurkennda verkhætti, samþykktu uppdrætti og lög og reglugerðir. Þá sé kveðið á um í byggingarreglugerð að múrarmeistari, sem staðfest hefur ábyrgð sína á verki, beri m.a. ábyrgð á múrhúðun og frágangi á einangrun undir múrinnu. „Skiptir hér engu hvort teikningum hafi verið breytt eða ekki, enda má ætla að ef hann hefði raunverulega sinnt starfi sínu hefði hann vitað um breytinguna. Þá hefur það heldur ekki þýðingu varðandi lögboðna ábyrgð múrarmeistarans samningur sá er hann gerði við byggingarstjóran um aðkomu hans að verkinu. Að þessu virtu verður að fallast á

það með stefnendum að múrarmeistarinn beri skaðabótaábyrgð á tjóni af völdum galla á faglegri vinnu við múrverkið.

Í ljósi þess að byggingu fasteignarinnar var ekki lokið er byggingarverktakinn var úrskurðaður gjaldþrota og ekki var sýnt fram á af hálfu stefndu að ekki hafi verið unnið fram á síðasta dag, taldi dómurinn rétt að miða váttryggingarfjárhæðina við 5. janúar 2007 og nam hún þá 7.728.460 krónum. Sumarið 2008 varð samkomulag milli lögmanns stefnenda og stefnda, tryggingarfélagsins, að stefndi greiddi 7.395.496 kr. úr starfsábrygðartryggingu byggingarstjórans. Mismuninn að fjárhæð 332.964 kr. ber hinu stefnda tryggingarfélagi að greiða fasteignafélaginu. – harpa@bb.is

Sælkeri vikunnar er Kristín Guðnadóttir á Ísafirði

Hamborgari með sultuðum lauk

Ég ætla að bjóða lesendum upp á hamborgara með sultuðum lauk og sætum kartöflufrönskum og Aftereight súkkulaðiköku.

800 gr. Nautahakk
4 stk. Hamborgarabrauð
Gráðostur
Sultaður laukur (sjá upp-skrift)
Klettasalat.
1 tsk. Salt

Setjið saltið út í hakkið og hrærið saman, mótið síðan 4 x 200gr. hamborgara. Steikið eða grillið. Setjið vænan skammt af gráðosti í lókin.

Takið síðan brauðið og setjið vænan skammt af sultuðum lauk, þá hamborgarann og

salatið. Lokið og berið fram með sætum kartöflufrönskum.

Sultaður laukur:

2 stk. Laukar
100 gr. beikon
3 msk. Púðursykur
2 msk. Balsamikedik
1 tsk. Tómatósósa
Salt og pipar

Steikið beikonið og skerið það niður og geymið. Sneiðið laukinn og steikið upp úr beikonfitunni ásamt púðursykrinum í um 10 mín bætið þá saxaða beikoninu út í og steikið í 15 mín í viðbót. hrærið vel í. Undir lokin er edikinu og tómatósósunni bætt saman við og bragðbætt með salt og pipar.

Sætar kartöflufranskar:

2 stk. sætar kartöflur
Ólífuoía
Reykjanessalt

Skerið kartöflurnar í ræmur og setjið í eldfast mót, hellið olíu yfir og saltið. Bakið við 220-250 gráður í ofni í 30 mín.

Góð sósa á hamborgarann:

1 dós hvítlaukssostur og 1 dós sýrður rjómi blandað saman.

Aftereight súkkulaðikaka

100 gr. 70% súkkulaði
½ pk. Aftereight
200 gr. smjör
4 eggjahvítur
2 msk. hveiti

Hitið ofninn í 180 gráður.



Bræðið súkkulaðið, aftereightið og smjörið yfir vatnsbaði. Bætið síðan eggjahvítunum smátt og smátt út í, passa að hræra í allan tíma. Sigtíð síðan hveitið úti og hrærið saman við, hellið deiginu í smurt form. Bakið í u.p.b. 20

mín. Miðjan á að vera blaut, berið strax fram með rjóma eða ís.

Verði ykkur að góðu.

Ég skora á Sigríði Gunnsteinsdóttur til að vera næsti sælkeri vikunnar.

Víð elskum jólin

SERÍU HELGIN

20%
AFSLÁTTUR

AF ÖLLUM
ÚTISERÍUM
HEFST Á
FIMMTUDAG



blómaval



HÚSASMÍÐJAN

HLUTI AF BYGMA

ALLT FRÁ GRUNNI AÐ GÓÐU HEIMILI
SÍÐAN 1956

Birt með fyrirvara um myndavíxl og innsláttarvillur, úrval getur verið misjafnt milli verslanna.



Vestfirðingur vikunnar

er Katrín Líney Jónsdóttir, 10 barna skemmtiferðaskipadrottning á Ísafirði

Hvað ertu að gera þessa dagana?

Ég er að vinna í heimasíðugerð hjá Vestuferðum ehf

Hvaða fjögur orð lýsa þér best?

Dugleg, hress, drífandi og óhrædd.

Hvernig færðu útrás fyrir gremju?

Í ræktinni

Í hvernig klæðnaði líður þér best?

Ípróttafötum

Hver er mesta effirsjá þín í lífinu?

Engin effirsjá. Það sem er liðið er liðið.

Hver er óvenjulegasta lífsreynsla sem þú hefur lent í?

Að kaupa hús á Ísafirði í 3ja skiptið sem ég kom hingað.

Hefurðu kompleksa?

Stundum og eru þeir misjafnir.

Hver er besta kvikmynd allra tíma?

Shawshank Redemption

Hvernig Facebook-týpa ertu?

Kíki við og við á Facebook til að sjá hvað aðrir eru að gera en pósta lítið sjálf.

Hvað fer mest í taugarnar á þér?

Óstundvísi

Hefur þú gert uppreisn?

Jáhá, strauk margoft að heiman.

Hver er effirlættis bókin þín?

Húsið eftir Stefán Mána

Áttu þér óuppfylltan draum?

Já, að gerast sjálfboðaliði í þróunarlöndunum

Hvernig bregstu við höfnun?

Alveg ágæflega. Það er hollt að fá ekki allt uppi hendurnar.

Hver er þín versta martröð?

Að missa einhvern nákominn

Hvert er helsta takmark þitt í lífinu?

Að verða heilbriggt gamalmenni

Hvenær og hvar ertu hamingjusamastur?

Uppi á toppi á fjalli í góðu veðri og svo auðvitað í faðmi fjölskyldunnar.

Hver er besta setning eða orðtak sem þú hefur heyrt?

Það eldist vel sem liggur í víni(Bára bleika).

Hvaða fræga persónu mundir þú vilja vera og af hverju?

Langar ekki til að vera fræg af því að þá fórnar maður lífi sínu.

Hvar er fallegast á Vestfjörðum að þínu mati?

Lónafjörður er hrikalega fallegur

Hvar er fallegast á landinu öllu (fyrir utan Vestfirði)?

Sveinstindar

Hvaða stað í heiminum langar þig til að heimsækja?

Ástralíu

Ertu bjartsýn(n) á framtíð Vestfjarða?

Já, fólkið hérna er svoooooo jákvætt og gott

Hvað skortir á Vestfirði að þínu mati?

Jarðgöng í fleirtölu

Hvernig hljóma síðustu SMS-skilaboð sem þú fékkst í símann þinn?

Hehe en gaman :/ Netið var búið að vera úti í vinnunni og þetta voru viðbrögð yfirmanns míns.

Nafn:

Katrín Líney Jónsdóttir

Aldur:

43 ára

Atvinna:

Skemmtiferðaskipa drottning, þjónn, símsvari, bókhaldari og margt fleira.

Stjörnumerki:

Krabbi

Maki:

Ólafur Halldórsson

Börn:

Hrikalega mörg, Sunna, 24 ára, Heiðrún Gréta 23 ára, Heiðís Lára 20 ára, Ingvar Bjarni 19 ára, Frederick 19 ára (skiptinemi sem er kominn aftur), Edda Sól 16 ára, Zorró 14 ára, Saga 13 ára, Halldór Jökull 11 ára og að lokum Helgi Ingimar 10 ára.





LÍFEYRISSJÓÐUR VESTFIRÐINGA

Lífeyrissjóðirnir

eru tvímælalaust eitt af óskabörnum íslensku þjóðarinnar

Íslensku lífeyrissjóðirnir mynda saman lífeyriskerfi sem landsmenn eru stoltir af og vekur athygli erlendis.

Þrennt einkennir lífeyrissjóðina:

- **Sjóðsöfnun:** Við leggjum saman í sjóð sem er ávaxtaður til að greiða lífeyri til æviloka. Þannig er lífeyrir framtíðarinnar tryggður með traustum sjóði fremur en vaxandi skattbyrðum á afkomendur okkar.
- **Samtrygging:** Aðild að lífeyrissjóði tryggir þér verðtryggðan lífeyri til æviloka. Með samábyrgð og þátttöku allra tryggjum við einnig lífeyri til þeirra sem verða fyrir tekjumissi vegna sjúkdóma eða slysa.
- **Skylduaðild:** Aðild að lífeyrissjóðum er skylda samkvæmt landslögum og er forsenda þess að við getum dreift áhættunni, forðast mismunun og tryggt öllum lífeyri, óháð efnahag, aðstæðum eða kyni.

Hefur þú kannað lífeyrisréttindi þín í Lífeyrisgáttinni á heimasíðu Lífeyrissjóðs Vestfirðinga?

Með lífeyrissjóðunum leggjum við grunninn að fjárhagslegu öryggi okkar allra alla ævi.



LÍFEYRISSJÓÐUR VESTFIRÐINGA

Lífeyrissjóður Vestfirðinga • Hafnarstræti 9–13 • 400 Ísafjörður • Sími 456 4233 • Fax 456 4710

Ljósmyndir:
Hlynur Kristjánsson.

Virðing og ást barna umbun fyrir lífsv

Árila Jóhannesdóttir er fædd í torfbæ að Bessastöðum í Dýrafirði þann 20. nóvember 1923 og varð því nírað nú í vikunni. Foreldrar hennar voru Jóhannes Andrésson og Jóna Ágústa Sigurðardóttir. Var hún fjórða barn foreldra sinna, sem eignuðust alls sex börn. Systkini hennar, þau Sigríður (Sigga), Markúsína Andrea (Sína), Kristján Vigfús (Stjáni), Gunnar og Ingibjörg Elísabet (Inga Beta), eru öll látin.

Árila giftist Kristjáni Guðmundssyni frá Brekku á Ingjaldsandi í Öndarfirði, en þar bjuggu þau allt þar til Kristján lést 1988. Hún hefur lifað tímana tvenna og hér segir hún okkur frá uppvextinum í Dýrafirði og á Flateyri, söngnum, tilhugalfinu, árunum á Brekku, barnamissinum og fleiru.

Átta manns í þrjátíu fermetra torfbæ

Jóhannes og Jóna bjuggu að Bessastöðum, eða Bessa eins og bærinn var gjarnan kallaður, allt þar til Árila er sjö ára gömul. „Ég man vel eftir því, við Siggi frændi vorum alltaf að leika okkur á Mýramelnum, en Bessi er bara rétt fyrir innan Mýrar í Dýrafirði. Á Melnum voru líka haldnar samkomur þegar ekki var pláss innandyrna. Þetta var algjör draumastaður í mínum augum því þar var hægt að finna svo mikið af skeljum,“ segir hún og bætir því við, að hún hafi ætíð haft mikið dálæti á skeljum og hefur sem dæmi alltaf nokkrar á náttborðinu hjá sér. „Þetta er sjálfsagt arfleifð frá þessum tíma, ég hef alltaf tínt skeljar þegar ég kemst í þær.“

Þau systkini voru þekkt fyrir að vera söngelsk mjög. Þegar Sigga systir hennar, sem var elst, var komin í skóla að Lambahlaði í Dýrafirði lærði hún þar ýmis lög og kenndi þeim yngri þegar heim kom. „Já, við höfðum öll mjög gaman af því að syngja og höfðum fallega söng og beið þar til við höfðum klárað. Þegar við fluttum á Flateyri vorum við komin með

rafmagn, en til að spara það héldum við áfram að syngja í rökkrinu og þá þyrptust krakkarnir á gluggann hjá okkur til að hlusta. Svo það má segja að ég hafi snemma verið farin að syngja fyrir aðra,“ segir Árila.

Eftir að fjölskyldan flutti á Flateyri fluttu á Bessa þau María Sigmundsdóttir frá Lækjarósi í Dýrafirði og Guðmundur Jónsson snikkari. Árila var síðan send þangað á sumrin í sveit og sat þá meðal annars yfir ánum frammi á Gemlufallsdal. Þá voru lömbin færð frá og börnin jafnvel bara sjö til níu ára gömul látin fara með ærnar inn í dalinn yfir daginn svo hægt væri að mjólka þær á kvöldin.

Hlustuðu á útvarpið í gegnum gat í veggnum

Árila flytur til Flateyrar árið 1930 með foreldrum sínum, systkinum og ömmu, Elísabetu Kristjánsdóttur. Fjölskyldan leigði hjá Bjarna Þórðarsyni trésmíðameistara og konu hans Guðríði (Guju), dóttur Guðmundar Einarssonar á Brekku á Ingjaldsandi.

Árila eða Adda eins og hún var alltaf kölluð var vinsæl til snúninga og eftirsótt í vist, alltaf að passa út um allt og hjálpa til við heimilishaldið. Þeir sem hana þekkja vita að hún er mikil og góð sagnamanneskja. „Ég var ekki gömul þegar ég var látin fara í hús til Hjalta og Dísu á Flateyri til að hlusta á útvarpið, við áttum ekki útvarp heima, svo fór ég heim og endursagði fréttir og sögur. Þannig þjálfadist ég upp í frásagnarlistinni. Það var líka góð vinátta á milli nágrannanna, Bjarna og Guju, sem varð svo seinna mágkona mín, og mömmu og pabba, og þegar þau fengu útvarp, þá gerði Bjarni gat á vegginn inn í býtibúrið til okkar og stillti útvarpinu þar upp svo við gætum heyrt líka,“ segir hún.

„Ég gekk í barnaskóla á Flateyri og þótti Hirti Hjalmarssyni kennara mikið til um hvað ég var lítil og nett. Einu sinni þegar ég var að fara yfir íþróttahestinn, þá segir hann: „Komdu, stattu í lófa mér!“ Sem ég gerði, og hann labbaði með mig í lófunum og hrópaði: „Krakkar komiði og sjáiði!“ segir Árila og skellihlær.

„Ykkur væri nú nær að þakka Guði fyrir heilsuna“

Þegar Árila er tólf ára gömul kemur maður til Flateyrar norðan af landi og var smitaður af berklum og vegna þess vildi enginn hýsa hann á Flateyri. „Nema mamma, hún aumkvaðist yfir hann og tók hann inn. Við þrjú systkinin smituðumst auðvitað af berklum. Stjáni bróðir og Sína systir voru veikust og voru í einangrun í marga mánuði heima og fólk var gjarnan að koma með góðgæti á gluggann hjá okkur. Ég var fljótust að ná mér að mestu og var þá send á Brekku á Ingjaldssandi. Það var nefnilega mikill vinskapur á milli ömmu [Elísabetu Kristjánsdóttur] og Guðmundar Einarssonar refaskyttu á Brekku.

Guðrún kona hans hafði eitt sinn verið svo veik í hálslu, hún var með miklar bólgur og átti erfitt með að anda. Guðmundur, sem bjó á Bakka þegar þetta gerist, hafði farið fram í erlend skip sem lágu í Dýrafirði en þeir gátu ekkert hjálpað henni svo hann var orðinn örvæntingarfullur. Hann gengur út að Gemlufalli þar sem amma kemur út og spyr fréttu af Guðrúnu. Hann segir eins og er, hún sé í rúminu og ástandið ekki gott. Það væru þrír læknar búnir að skoða hana og vissu ekki hvað amaði að henni og héldu að henni yrði ekki bjargað.

„Guð hjálpi mér, hvað ætli ég geti gert?“ sagði amma. En fer svo inn í bæ og kemur með flösku til hans: „Hérna er andarnefjulýsi, þú skalt taka þetta til hennar og segja henni að bera lýsið á halsinn tvisvar á dag og nudda því vel inn.“ Og viti menn, þetta hjálpaði Guðrúnu! Þessu segir Guðmundur frá í endurminningabók sinni *Nú brosir nóttin*. Eftir þetta var hann alltaf svo þakklátur ömmu og vildi launa henni einhvern veginn og gerði það meðal annars með því að taka mig að Brekku á meðan ég var að jafna mig eftir veikindin.

Þannig að ég fer þá á Brekku og er þá tólf, þrettán ára gömul og er þar sumarlangt. Þar kynnist ég Kristjáni, syni Guðmundar og Guðrúnar, og systkinum hans. Þar á meðal voru Dísa og Munda að sjálfsögðu, við vorum á svip-

uðum aldri, og við urðum góðar vinkonur. Þær færðu alltaf rúmið sitt að mínu rúmi og við kjöftuðum og hlógum. Þá sagði Guðmundur: „Ykkur væri nú nær að þakka Guði fyrir heilsuna og hætta að hlæja og vera með þennan hávaða!“ Ég man að Munda sagði alltaf að pabbi sinn væri svo strangur við þau systkinin. Hann hélt svo fast utan um þetta stóra heimili og krakkarnir þurftu alltaf að halda sig að vinnu og ekki vera með neinn fíflagang. En ég kynntist bara þessum milda manni, ég var líka í uppáhaldi hjá honum enda var hann alltaf að launa fyrir það sem amma hafði gert fyrir konuna hans.

Svo er ég þarna einhver sumur eftir þetta og var meðal annars kaupakona hjá Þóru í Hrauni, þá fimmtán ára. Þá var Kitti nú eitt-hvað að stelast yfir engið til að hitta mig, hann þá tuttugu ára, en það var allt saklaust. Svo var þröngt á sumrin á Brekku að ég var látin sofa fyrir ofan hjá bróður hans Kittu, honum Jóni H, sem síðar var hér skólastjóri á Ísafirði. Eitt kvöldið sagði hann við mig: „Má ég eiga hana Siggu systur þína?“ Ég svaraði honum: „Jú, alveg sjálfsagt, það sem ég ætti í henni.“ Djöfuls vitleysa! Já, þá voru þau farin að stinga saman nefjum víst,“ segir hún og hlær.

Söngnám hjá frú Sigurðsson

Um átján ára aldur fer Árila til Reykjavíkur í vist til hinnar skosku Davínu Brander Sigurðsson, ætíð kölluð frú Sigurðsson, og Runólfs Sigurðssonar, en hann fórst með togaranum Reykjaborg á leið til Englands, sem var sökkt af kaþbát 1941. Þá var Árila hjá þeim og voru það erfiðir dagar. Þau hjónin áttu tvö börn, Davínu þriggja ára sem ávallt var kölluð Dollý, og Runólf sem var fjögurra ára. Árila var hjá þeim hjónum til að passa börnin og hjálpa til við heimilishaldið. Frú Sigurðsson var söngkennari og kenndi nokkrum þjóðþekktum söngvörum, meðal þeirra Guðrúnu Á. Símonar og Kristni Hallssyni.

„Einu sinni þegar ég er að ryksuga, og ég söng alltaf þegar ég var að ryksuga, heyrði frúin mig syngja. Hún kom þá til mín og sagðist vilja kenna mér að syngja, ég syngi betur en Guðrún Sím!

Ég þáði það auðvitað og hún vildi meira að segja að ég myndi læra meira og vildi koma mér áfram í því.

En þá tóku örlögin í taumana. Mamma hringdi frá Flateyri og sagðist þurfa að fá mig heim því amma lægi karlæg í rúminu. Þegar ég þráðist við og sagði frúna vera kenna mér að syngja hnussaði í henni: „Það var þá líka, læra að syngja!“ Ég hafði ekkert um þetta að segja og fór því heim til að hjálpa mömmu.“

„Ég held ’onum sé það ekki of gott!“

„Ég fer að vinna í frystihúsinu þegar ég kem aftur heim til Flateyrar og við Kittu fórum að snigl-ast aðeins meira saman. Einu sinni þegar við fórum út saman gleymdi ég hjá honum vettlingunum. Þegar ég fæ þá til baka daginn eftir, þá var miði inni í öðrum vettlingnum og á hann hafði hann skrifað ljóð til mín:

*Mig dreymir um augu þín
yndisleg mæ
um ást þína varir og hvarma
og allt sem minnir á munablóm
skær
og mýkt þinna töfrandi arma.*

Ég man líka að einhvern tíma þegar við Kittu vorum að kyssast í rökkrinu heima á Flateyri, þá kemur Beta amma að okkur og fussar yfir kossaflensinu en segir svo: „Er þetta ekki sonur hans Guðmundar Einarssonar? Ég held ’onum sé það ekki of gott!““ Árið 1945, þegar Árila hafði klárað Húsmæðraskólann á Ísafirði, fær hún bónorðsbréf frá honum og trúlofuðu þau sig á sjómannadaginn. Við ljóð sem hann orti og var í bónorðsbréfinu samdi dóttir þeirra Elísabet Alda lag og er það ætíð sungið þegar fjölskyldan kemur saman. Eitt erindanna hljóðar svo:

*Í augum þér sé ég hið sólþjarta
vor,
er sál mín er alltaf að þrá.
Í örmum þér hnég ég í algleyms
is blund,
við yndisleg brjóstin þín smá.*

Árila og Kittu, ásamt Ragnari bróður hans og fjölskyldu hans, tóku þá við búinu af foreldrum

anna, verkið

sínum á Brekku en Ragnar og fjölskylda fara þaðan 1953. Þá tóku þau hjónin við öllu og voru með myndarlegt sauðfjárbú. Rúmlega þrjú hundruð ær, kýr fyrir heimilið og hænur. Þau voru þekkt fyrir gott fé og snyrtimennska var í fyrirrúmi.

Mikið að gera á stóru heimili

Kitti sá um búskapinn og Árilía um heimilið. Þau eignast þar tólf börn, sex stráka og sex stúlkur. „Svo þetta var stórt og mikið heimili að halda utan um og oft voru aukabörn í sveit. Fyrstu árin hafði ég alltaf stelpur til snúninga á sumrin því það var í mörg horn að líta, en börnin tóku svo fljótt við að léttu undir með okkur bæði úti og inni. Auk þess voru tengdaforeldrarinn í horninu, Guðmundur alveg þangað til hann lést árið 1964 en Guðrún var farin eitthvað fyrr til dætra sinna. En auðvitað hjálpuðu þau til meðan þau gátu og léttu til við barnauppleidið.

Þegar ég geng svo með áttunda barnið, 1958, fæ ég rafmagnsþvottavél en fékk hana geymda á Sæbóli hjá Unu [Steinunni Ágústsdóttur]. Þar var ljósavél en þá vorum við ekki komin með ljósavél á Brekku. Kitti keyrði mig á dráttarvél niður á Sæból með þvottinn á kerru. Þetta var svo mikill munur að ég sagði að nú gæti ég eignast átta börn í viðbót!“ segir Árilía og hlær dált. Rafmagn kom svo á Ingjaldssand 1968 en það var alveg segin saga að börnin urðu miklu óþekkari við það því það var óneitanlega auðveldara að koma þeim í rúmið í rökkrinu þegar bara voru lampar.

Börnin þeirra tólf voru Eygló, Guðrún Jóna, Elísabet Alda, Guðný, Guðmundur, Jóhannes, Kristján Sigurður, Finnbogi, Helga Dóra, Magnús, Halla Signý og óskírður. „Við eignumst okkar fyrsta barn 1946, Eygló litlu. Eina barnið okkar sem fæddist á Brekku var Jói, það var af því að það var að sumarlagi. Öll hin eru fædd á Flateyri. Sumarið eftir að Eygló fæddist byggðum við bæinn á Brekku í því formi sem hann er í dag. Þá tók Sína systir Eygló litlu, bara nokkur mánaða, til sín á Flateyri sumarlangt því við bjuggum í tjaldi á meðan við byggðum, og



elduðum og borðuðum í fjárhúsinu. Við giftum okkur síðan 1948 og fórum þá ríðandi yfir heiðina 19. september til að láta gefa okkur saman hjá séra Eiríki á Núpi, ég þá orðin ófrísk af Rúnu, enda steinleið yfir mig þegar við komum heim aftur," segir hún.

Margir komu við á Brekku og ólust börnin upp við að sjálfsagt væri að ganga úr rúmi fyrir gestum, alltaf boðið það besta sem til var í búinu og að mamma segði „fyrirgefðu það“ þegar gestir þökkðu fyrir sig. Það fannst börnunum undarlegt að heyra þegar heilu niðursuðudósirnar af ávöxtum hurfu ofan í gestina sem annars voru algjörlega til hátíðarbrigða á heimilisborðinu.

„Eitt sinn þegar Guðrún tengdamóðir mín lá veik var sóttur læknir. Þegar hann kemur í hús inn úr vonskuveðri er ekki að finna á honum þurran þráð. „Í þá daga

var nú ekki vaninn að bjóða fólki inn í eldhús heldur í stofuna, það þótti finna. En þegar ég sá hann þá sagði ég: „Nú ætla ég ekki að nota stofuna, ég læði þér í eldhúsið og fer með þig eins og börnin mín þegar þau koma inn rennblaut.“ Bauð ég honum inn í eldhús, lét hann setjast hjá eldavélinni og opnaði ofninn til að fá meiri hlýju. Honum þótti þetta alveg einstakt og sagði mér seinna að hann hefði hreinlega viljað kyssa mig fyrir," segir hún og skellir upp úr. „Svo miklu seinna þegar lækinn var farinn að starfa í Keflavík þurfti Stjáni sonur minn að leita til hans og þegar hann var að skrifa ávísunina til að greiða læknum þá setur hann auðvitað heimilisfangið sitt á Brekku. Þegar lækinn sér það rífur hann ávísunina og segir: „Mamma þín er búin að borga.“

Barnamissirinn: Sorgin litaði blómin svarthvít

Árilía rifjar upp hverja söguna á fætur annarri og rekur reglulega upp hláturrokur sem dilla henni til og frá. Augun segja líka sitt og hljómur raddarinnar ekki síður. Gleðin og sorgin, eftirsjá og þrá, stolt og auðmýkt, allt brýst fram þegar hún segir frá og hlustandi getur ekki annað en hrifist með. Það dimmir yfir henni þegar hún talar um barnamissinn, en þau hjónin misstu þrjú sinna barna.

Magnús heitinn var 9 mánaða þegar hann lést 1963. „Hann var í rúminu sínu inni í hjónaherbergi og átti að vera sofandi. Rúmið stóð á bak við herbergishurðina og honum hefur þótt hurðarhúnninn eitthvað spennandi því hann teygir sig í hann yfir rúmgrindina og fellur við það niður á gólf og fær slæmt höfuðhögg. Ég fór með hann yfir heiðina og á Ísafjörð þar sem hann lést úr heilablæðingu tveimur dögum síðar. Þegar þetta gerist var ég orðin ófrísk af yngsta barninu mínu, Höllu Signýju.“

Kitti var eftir á Brekku á meðan Árilía fór yfir með Magnús enda þurfti einhver að sinna börnum og búi á meðan. „Ég heyrði aldrei talað um þetta," segir Halla Signý dóttir þeirra hjóna. „En þegar pabbi deyr 1988, þá sitjum við systkinin inni í herbergi hjá mömmu eftir jarðarförina og þá voru þau að tala um þetta, eldri systkini mín. Lýstu þessu mínútu frá mínútu. Biðinni eftir fréttum og hvernig pabbi hafði verið á meðan. Hann var í fjárhúsunum þegar símtalið kemur og er kallaður inn. Þau lýstu því hvernig pabbi tók ofan húfuna, rúllaði henni upp á milli handa sér og stakk henni bak við ofninn. Sagði þeim svo að Magnús væri dáinn. En sagði þeim jafnframt að það kæmi alltaf maður í manns stað og að mamma væri ófrísk," segir Halla.

Eftir að Magnús deyr fer Árilía í heimsókn til Guju mágkonu



sinnar á Flateyri. „Sorg mín var svo mikil, svo sterk. Ég man að það var blómabeði í garðinum hjá henni og ég sagði við hana að ég sæi ekki litina, blómin væru bara svarthvít. Guja hafði sjálf misst barn og ég spurði hana hvort hún hafi getað unnið úr sorg sinni, ég væri svo sár út í þetta allt saman að ég réði ekki við það. Þá sagði Guja, „Jú, maður venst þessu. Sorgin jafnar sig.“

Premur árum síðar missa þau annað barn en það var andvana fætt. „Ég var fullgengin og það hafði orðið fylgjulos hjá mér. Ég var á Flateyri þá og ófært var yfir til Ísafjarðar svo ég komst ekki í skurðaðgerð sem hefði getað bjargað barninu. Það var þarna hjá mér ungur læknir sem hafði aldrei upplifað að missa barn í fæðingarhjálp. Hann grét ógurlega og ég varð að hugga hann greyð," segir hún.

Elísabet Alda deyr síðan 48 ára gömul úr krabbameini árið 1999. „Það var sárt að sjá á eftir svona henni í blóma lífsins, hún var svo vel gefin og falleg," segir Árilía, en hún hefur alltaf verið trúuð og það hefur hjálpað henni mikið að hennar sögn í gegnum missi.

Halla Signý segir þau systkini aldrei hafa fundið fyrir því að móðir þeirra væri bitur eftir að hafa misst þrjú af sínum börnum, auk þess sem hún þurfti að hætta í söngnum sem hafði verið hennar draumur. „Hennar lunderni er að vera kát og máttulega kærulaus. Ég man líka að ég spurði hana sem krakki eða unglingur hvort

hún hefði aldrei séð eftir því að fara að eiga svona mörg börn og flytja í sveit og alltaf var svarið: „Nei ég elskaði Kitta svo mikið að ég var tilbúin að fylgja honum.“

Virðing og ást barnanna umbun fyrir lífsverkið

Árilía söng til fjölda ára, eftir að hafa eignast öll sín börn, á samkomum hvers konar og var einnig forsöngvari í kirkjukór Sæbólskirkju meðan hún bjó á Ingjaldssandi. Þegar hún síðan stóð á fimmtugu 1973 hringdi Ragnar H. Ragnar, sem var aðaldrifjörðin í tónlistarlífi Ísafjarðar, og fékk hana til að syngja sem einsöngvari með Sunnukórnum og koma með þeim í kórferð til Noregs.

„Ég sló auðvitað til. Kórmeðlimir máttu bjóða mökum sínum með í ferðina en þau voru ekki á því að ég fengi að taka Kitta með, töldu hann vera einhvern sveitadurg. Ég sagðist ekki fara fet nema hann fengi að fara og ég fékk það í gegn að lokum. Hann kom þeim öllum á óvart í þeirri ferð og þeim þótti hann afar vel gefinn, vel að máli farinn og skemmtilegur. Og hann sló alveg í gegn þegar hann hélt frábæra ræðu um landið okkar á leiðinni heim með Gullfossi," segir hún.

Hún hefur líka sungið í Kanada, en þangað fóru þau í bænduferð 1975. Þá söng hún stundum í útvarpi hér heima. „Eitt skiptið dreif Kitti í því að láta taka upp nokkur lög, það var árið 1982 þegar ég er að verða sextug. Ólaf-

ur Vignir Albertsson lék undir á píanó og voru lögin gefin út á geisladisk, Lögin hennar mömmu.“

Árið 1988 missir hún eiginmann sinn úr krabbameini, þá 65 ára gömul. „Hann er ennþá með mér, alltaf, og mig dreymir hann oft.“ Guðmundur sonur þeirra tók við búinu og hún hélt áfram að búa á Brekku þangað til hún flutti til Reykjavíkur árið 1991. Þar vann hún til sjötugs á Aflagrandi, þjónustumiðstöð fyrir aldraða. „Hún hætti nú ekkert að vinna samt, hætti bara að þiggja laun fyrir vinnuna," segir Halla Signý. „Hún stjórnaði þar kór og bingó og fleiru alveg til 85 ára aldurs, þau voru farin að hringja eftir henni þegar þeim fannst sumarfríð hennar á Brekku vera farið að dragast á langinn.“

Árilía flutti til Höllu Signýjar fljótlega eftir það en dvelur nú á öldrunardeild Fjórðungssjúkrahússins á Ísafirði þar sem hún þeytist um gangana og syngur með séra Magnúsi eins og henni er einni lagið þegar hann kemur í heimsókn á deildina. Þar unir hún sér vel og segir vel um sig hugsað, þar er hún í sambýli við Mundu mágkonu sína sem er eina eftirlifandi barn Guðmundar af tuttugu og einu barni. Saman geta þær rifjað upp gamla tíma á Sandi. Árilía segist ylja sér við góðar minningar og segir það vera umbun fyrir sitt lífsverk að börnin hennar öll og afkomendur sýni henni virðingu og ást. Það er sá lífeyrir sem aldrei verður verðfelldur.

— harpa@bb.is

21. NÓV - 26. NÓV
★ **Ísafjarðarbið** ★
Elsta samfelld starfandi bið á Íslandi
DOLBY DIGITAL 3D Facebook Ísafjarðarbið skemmtun.is

REMEMBER WHO THE ENEMY IS

THE HUNGER GAMES CATCHING FIRE

THE HUNGER GAMES CATCHING FIRE

FÖSTUDAG 22. NÓV KL 8
LAUGARDAG 23. NÓV KL 8
SUNNUDAG 24. NÓV KL 8
MÁNUDAG 25. NÓV KL 8
ÞRIÐJUDAG 26. NÓV KL 8

INSIDIOUS 2 CHAPTER
ÞAD TEKUR ÞÁ SEM ÞU ELSKAR MEST
HÁSPENNUHROLLUR

FIMMTUDAG 21. NÓV KL 8
ADEINS ÞESSI EINA SÝNING
STRANGLEGA BÖNNUD INNAN 16



Allt fyrir svefnherbergið

Rúm | Sængurver | Springdýnur | Púðar og rúmteppi | Kistur og náttborð
Gaflar | Heilsukoddar | Dýnuhlífar og lök | Fylgihlutir



Íslensk
hönnun

RB rúm | Dalshrauni 8 | Hafnarfirði | Sími: 555 0397
www.rbrum.is | rum@rbrum.is | erum á facebook

Opið alla virka daga frá kl. 09.00–18.00, laugardaga 10.00–14.00, sunnudaga lokað





Boltinn í beinni...

Föstudagur 22. nóvember
kl. 19:45 Doncaster - Yeovil T

Laugardagur 23. nóvember
kl. 12:45 Everton - Liverpool
kl. 15:00 Arsenal - South.pton
kl. 15:00 Barcelona - Granada
kl. 15:00 Fulham - Swansea
kl. 15:00 Newcastle - Norwich
kl. 15:00 Stoke - Sunderland
kl. 17:30 West Ham - Chelsea
kl. 19:00 Almeria - Real M.

Sunnudagur 24. nóvember
kl. 13:15 Man. City - Tottenham
kl. 16:00 Cardiff - Man. Utd.

Mánudagur 25. nóvember
kl. 20:00 WBA - Aston Villa

Þriðjudagur 26. nóvember
kl. 17:00 Zenit - Atl. Madr.
kl. 19:30 Ajax - Barcelona
kl. 19:30 Dortmund - Napoli
kl. 19:30 Basel - Chelsea
kl. 19:30 Arsenal - Marseille

Miðvikudagur 27. nóvember
kl. 17:00 CSKA M - Bayern M
kl. 19:30 Bayern L - Man. Utd.
kl. 19:30 Juventus - FCK
kl. 19:30 Real M. - Galatasaray

Fimmtudagur 28. nóvember
kl. 18:00 Tromso - Tottenham
kl. 18:00 AZ Alkmaar - M Haifa
kl. 20:00 Swansea - Valencia

Dagar Íslands

22. nóvember 1907: Giftar konur í Reykjavík fengu kosningarétt og kjörgengi til sveitarstjórna og nýttu sér hann nokkrum mánuðum seinna. Alþingi féllst ekki á að allar konur fengju þennan rétt fyrir en tveimur árum síðar.

23. nóvember 1990: Íslenska alfræðiorðabókin kom út hjá Erni og Örlygi. Í bókinni eru 37 þúsund uppflettið.

24. nóvember 1965: Jóhann Löve lögreglumaður fannst á lífi suður af Skjaldbreið eftir víðtæka leit. Hann hafði verið á rjúpnaveiðum en villst.

Helgarveðrið

Horfur á föstudag:

Vestan 5-13 m/s og stöku él. Frost 0-10 stig, kaldast fyrir norðan, en frostlaust við suðvesturströndina.

Horfur á laugardag:

Lægir og léttir víða til. Frost um mest allt land, einkum inn til landsins.

Horfur á sunnudag:

Vaxandi suðaustanátt með slýddu og síðar rigningu. Hlýnar í veðri.

Krossgátan

			Ríki	↓	Fljótu	Barlómur	↓	Iðja	↓	Náðar Vit	↓
			Ísl.st.			Upphefð		Syngja			
					↕					↗	
			Íslend-ingur								
		Eyja Kona									
Jón Steingr.	Fauta	Ílát							Kvæði		
		Sérhlj.							Elska		
Gömlum							Her-mann				
							Ungkýr				
Upphr.		Sömu			Mjaka sér						
Týnir		Síðar			Guð						
↓						Tala		Tíu			✓
						Smá seiði		Vellyst-ingar			
Búpen-ingur	↖		✓	←					↩		
					Ógnvekj-andi				↑		
					Grófur					Upphr.	
										Orðróm	
Önug				Klípa							
				Illileg Stafur							
1000		Forn-manni					Tónn		Skóli		
Óvirða		Tunna Maður					Pípur Sömu		Sömu Sjór		
↓			Óreiða			Beygur					Umst-angið
			Yfir-bragð			Keyrði					
Polir Kvæði										Sérhlj.	
Fljótt										Kæpa	
↓					þrár				✓		
					Verkur						
↓			✓			Ending		Eins um R			
							✓	Samst.			
Innlögn	↗		⇒		✓						
Mann											
↓						Krotað					

H.V. UMBOÐSVERSLUN ehf
 Suðurgötu 9 • 400 Ísafjörður • Sími 456 4666 • Netfang hekla.vestfj@hafsteinn.is

Sjóvinnufatnaður
 Stígvél og vettlingar
 Þjónusta í heimabyggð 1983-2013

HRADFYSTIHÚSIÐ-GUNNVÖR HF.
 - sjálfbær nýting sjávarauðlinda

Margir sækja jólahlaðborð

Þjónustuauglýsingar

			F	E	R	Ð	A	L	A	G
				S			A		L	G
				T	E	R	M	Í	T	I
Jón Steingr.	↓		M	U	R	T	A	N		L
	É	L	H	Ö	L	L		G	A	S
	G	R	A	N	D	I	N	N		N
	↓		R	A	U	Ð	A		A	A
	H	A	M	U	R		T	Y	L	F
	E	Ð	A	L	↗	V	I	L	L	S
Ó	L	I		A	M	E	N		T	A
	D	L	V		U	I	N	U		N
	↓	D	A	U	F	L	I	M	R	A
	A		N		Ö	A		T	Ó	A
Æ	Ð	S	T	I	H	N	A	U	T	E
	↘	V	I	Ð	↗		T	R	E	K
Ó	V	A	N	U	R	Á	L	N	I	R
	I	N	N	R	Æ	T	I	I	Ð	U

Sudoku prautir

2					9			1
			5	8				
	9		7					4
7					3	5		
9		6		1		4		3
		8	4					7
	2				4		7	
				3	6			
3			1					4

					9	7	8	
	5		4	3				
4	8			6				
						8		6
	6			2			1	
5		4						
				7			5	3
				8	1		2	
	2	1	6					

Búast má við að vel á annað þúsund manns láti sjá sig á jólahlaðborðum á Ísafirði fyrir komandi jól. Þrír aðilar bjóða upp á jólahlaðborð á Ísafirði, veitingastaðurinn Við Pollinn á Hótel Ísafirði, Edinborg – Bístró og Húsið. Á Hótel Ísafirði verða haldin fjögur jólahlaðborð, þar sem pláss er fyrir milli 80 og 90 gesti á hvert, eða einhver sstaðar í námunda við 350 gesti í heild. Að sögn Hólmfríðar Völu Svavarsdóttur, hóteltjóra, hafa bókunar gengið vel, en jólahlaðborð hafa verið haldin á hótelinu í hátt í 30 ár.

Tvö hlaðborð verða haldin á Edinborg, en veitingastaðurinn er rekinn ásamt hótelinu á Núpi, þar sem einnig verður haldið hlaðborð. Gert er ráð fyrir 250–270 gestum á hvort skiptið á Edinborg, en um hundrað færri á Núp. „Þetta verða á bilinu 650–700 manns ef við náum fullu húsi þessi þrjú kvöld. Það er orðið mjög vel bókað að Núpi, sömu-leiðis 7. desember á Edinborg. Það er meira laust 30. nóvember, en það hefur gengið vel að bóka á hlaðborðin,“ segir Sigurður Arnfjörð, framkvæmdastjóri.

Húsið stendur fyrir einu jólahlaðborði, sem verður haldið í Íþróttahúsi Ísafjarðarbæjar á Torfnesi. „Það hefur gengið mjög vel að bóka, og við erum komin með biðlista. Við reiknum með að það verði fullt hús, en endanleg tala verður komin í ljós 15. nóvember,“ segir Halldór Eracldes, einn eigenda Hússins.

Þetta verður í annað skiptið sem Húsið verður með jólahlaðborð í Íþróttahúsinu. „Við ætlum að reyna að koma fyrir um 500 manns, en í fyrra vorum við með 440 sem komust vel fyrir. Þetta verður með mjög svipuðu sniði núna.“ – herbert@bb.is

Beinir ísklifur-um til Ísafjarðar

Breski klifurmaðurinn Tim Emmett mælir með ísklifri á Íslandi í grein í National Geographic, þar sem ýmsir ævintýramenn benda á ferðir sem lesendur ættu að reyna. Þeim fer fjölgandi sem leggja stund á ísklifur hér-lendis, en Emmett segir að margar leiðir hafi aldrei verið reyndar. Ísklifur er einna algengast í sunnlenskum jöklum, en í greininni er fólki bent á aðra möguleika - eins og Ísafjörð.

„Það er gaman að þessu,“ segir Rúnar Óli Karlsson hjá Borea. „Við höfum ekki formlega boðið upp á neinar ísklifurferðir, en við erum alltaf tilbúin til að taka fólk í ferðir,“ segir Rúnar Óli.


JAKOB VALGEIR EHF
 Grundarstíg 5
 415 Bolungarvík
 450 7700


BÍLAVERIÐ ehf
 Hjólbarðapjónusta
 Smurpjónusta
 Smáviðgerðir
 Sindragötu 14 • 400 Ísafirði
 Sími 456 3501 • www.bilaverid.is


Öll almenn húsmíði
 Bolungavík
 456 7080 • 893 9362 • 690 1060
 Umboðsaðili fyrir
 GLERBORG

Fréttir og upplýsingar um réttindi og kjör á vinnumarkaði
 www.verkvest.is



ENDURSKOÐUN VESTFJARÐA ehf
 Sími í Bolungarvík 450 7900
 Sími á Ísafirði 450-7910
 Aðalstræti 19, 415 Bolungarvík • Hafnarstræti 9, 400 Ísafjörður

Bílasala
456 3800
Bílaverkstæði
456 4580

Suðurgötu 9


Kampi EHF
 Rækjuvinnsla:
 Sindragötu 1 • 400 Ísafjörður • Sími: 450 4000
 Fiskvinnsla:
 Hafnargötu 90 • 415 Bolungarvík • Sími 450 7507 / 863 2600


Gámapjónusta Vestfjarða ehf
BROTAJÁRN
 Þarftu að losna við brotajárn?
 Tökum á móti brotajárni og útvegum gáma undir það.
 Sími: 456 3710
 gamarvest.is

VITA - ferðaskrifstofa á traustum grunni

Kanarí í vetur

Flogið með
Icelandair
í allan vetur

Salan er hafin!

Upplifðu



- ✓ Fjölbreytt úrval gististaða
- ✓ Fallegar strendur
- ✓ Paradís útivistarfólks
- ✓ Gamall bæjarhluti, gamaldags verslunargötur
- ✓ Spannandi sérvöruverslanir
- ✓ Stutt í verslunarmiðstöð
- ✓ Stutt í frábært golf

FLUGSÆTI

Verð frá 89.900 kr. *
og 12.500 Vildarpunktur

28. jan. Kanarí

Innifalið: flug fram og til baka
með sköttum.

*Verð án Vildarpunkta 99.900 kr.

Aðeins hjá VITA



Las Camelias

Snyrtilegt og vistlegt íbúðahótel á góðum stað á Ensku ströndinni.

Verð frá 112.900 kr. *
og 12.500 Vildarpunktur

Á mann m.v. 2 fullorðna í íbúð m/1 svefnh.
Innifalið: flug, flugvallarskattar, gisting og íslensk fararstjórn.

*Verð án Vildarpunkta 122.900 kr.

28. jan. - 4. feb.

FLUGÁÆTLUN

Kanarí

23. okt. (uppselt)
19. nóv.
21. des. (3 sæti laus)
5. jan.
16. jan.
28. jan.
4. feb. (2 sæti laus)
11. feb. - 25. mars, vikulegt flug
13. apr.

Hálft fæði innifalið



Riu Don Miguel

Ný uppgert hotel á besta stað á Ensku ströndinni

Verð frá 139.900 kr. *
og 12.500 Vildarpunktur

Á mann m.v. 2 í herbergi með hálfu fæði
Innifalið: flug, flugvallarskattar, gisting, hálft fæði og íslensk fararstjórn.

*Verð án Vildarpunkta 149.900 kr.

28. jan. - 4. feb.

f Vertu með okkur á Facebook

VITA er í eigu Icelandair Group.

ICELANDAIR
GROUP



Skráðu þig
í netklúbbinn - VITA.is

VITA
Suðurlandsbraut 2
Sími 570 4444

vita

VITA er lífið